

STJÓRNARFUNDUR BYGGÐASAMLAGS UM MÁLEFNI FATLAÐRA Á NORÐURLANDI VESTRA FÖSTUDAGINN 27. DESEMBER 2012 KL 10:00

SÍMAFUNDUR

Föstudaginn 27. desember 2012 kom stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra saman til símafundar

Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Svannfríður Jónasdóttir Sigurður V. Ásbjarnarson Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat einnig fundinn.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði

1. **Afgreiðsla NPA reglna.** Lögð fram afgreiðsla þjónustuhóps á leiðbeinandi reglum um NPA frá 13. desember 2012. Umræður urðu um reglurnar og aðra þætti NPA *Stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra samþykkir reglurnar.*

2. **Fundargerð þjónustuhóps frá 13. desember 2012.** GSG kynnti fundargerðina.

Vegna 3. liðar samþykkir stjórn eftirfarandi bókun. *Stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra samþykkir framlagðar 9 umsóknir um NPA að fenginni tillögu þjónustuhóps. Stjórnin áskilur sér rétt til þess að endurskoða ákvörðunina ef forsendur jöfnunarsjóðs breytast.*

Vegna liðar 5 b. samþykkir stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra að fela þjónustuhóp að vinna drög að reglum um þátttöku byggðasamlagsins í kostnaði vegna breytinga á félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélagana þannig að húsnæðið henti hreyfihömluðum.

Vegna liðar 5 d. urðu nokkrar umræður um mögulegan flutning á starfsemi á Iðju dagvistar á Sauðárkrók í húsnæði sem áður hýsti leikskólann Furukot Verkefnisstjóra falið að taka saman greinargerð um málið og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

3. Önnur mál – Engin.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 11:00 Jón Óskar Pétursson fundarritari.